

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli
á frystri, vélskelflettri rækju á framleiðslutímabilinu
frá 16. október 1988 til 31. maí 1989 nema annað verði ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri vélskelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 16. október 1988 til 31. maí 1989 nema annað verði ákveðið.

Vélskelflett rækja:	SDR pr. lb. cif.
Færri en 350 stk. í lb.:	
Blokkfryst	3,72
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3,73
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,89
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,32
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,54
Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:	
Blokkfryst	3,55
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð	3,55
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,73
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,11
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,32

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 58% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Greiðsluhlutfall það sem ákveðið var 50% á tímabilinu 1. júní til 15. okt. 1988, hækkar í 58%.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. janúar 1989.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.